

✉ RE: Skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar vegna Hólasandslínu 3

Búið til	16.4.2020 11:19:11
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	16.4.2020 11:19:10
Tilheyrir	📁 202003-0030 - Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar

Efni

RE: Skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar vegna Hólasandslínu 3

Upplýsingar

Sent	16.4.2020 11:19:10	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	gudjon@skutustadahreppur.is

Innihald

Tilvísun í málnúmer 2020030030 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Þingeyjarsveit, dags. 19. mars sl., þar sem auglýst er tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna Hólasands línu 3 milli Akureyrar og Hólasands að mestu samhlíða núverandi Kröflulínu 1 sem er í megindráttum í samræmi við gildandi skipulag. Hólasandslína mun víkja frá gildandi aðalskipulagi á þremur stöðum, í Bíldsárskarði, Fnjóskadal og Laxárdal. Einnig eru tilgreind átján ný efnistökvæði. Beðist er velvirðinga á því hvað það hefur dregist að svara erindinu.

Hólasandslína hefur farið í mat á umhverfisáhrifum og lá álit Skipulagsstofnunar fyrir 19. september 2019. Í skipulagsgögnunum kemur fram að fara skuli eftir álit Skipulagsstofnunar hvað varðar leyfisveitingar og framkvæmd þ.m.t. mótvægisáðgerðir. Einnig eru í skipulagstillögunum tilgreint að sett verði fram skilyrði um vöktun eftir því sem við á s.s. um áflug fugla á leiðara og verði það gert í samvinnu við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands sérstaklega í Laxárdal.

Svo virðist sem það hafi gleymst að tilgreina Umhverfisstofnun sem leyfisveitanda innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár sbr. 3. gr. laga nr. 97/2004.

Náttúrufræðistofnun leggur ríka áherslu á að við allar framkvæmdir vegna Hólasandslínu 3 verði áfram leitað allra leiða til að draga úr áhrifum á náttúru þeirra svæða sem farið verður um. Þetta á sérstaklega við um, fyrri utan landslag almennt, alla slóðagerð þannig að gengið verði frá öllum slóðum eins og hægt er sbr.

mótvægisáðgerðir og reynt að leggja ekki slóða nema engin önnur leið sé fær. Á þetta sérstaklega við t.d. í Bárðardal og á Fljótsheiði austur að Laxárdal og verndarsvæðinu þar.

Þess verið einnig sérstaklega gætt að nota ekki framandi tegundir plantna til að ganga frá námum sbr. mótvægisáðgerðir.

Þar sem framangreindar skipulagstillögur byggja á og eru í samræmi við framangreint álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 telur Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir en ítrekar að farið verið eftir þeim mótvægisáðgerðum sem komið hafa fram í málinu og að sjálfsögðu reynt að gera betur þar sem það er hægt bæði hvað varðar náttúru- og menningarminjar.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: "Guðjón Vésteinsson" <gudjon@skutustadahreppur.is>
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Vegagerðin" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "thorkell.lindberg@gmail.com" <thorkell.lindberg@gmail.com>; "Margrét Silja Þorkelsdóttir" <margret.s.thorkelsdottir@vegagerdin.is>; "Þorkell Lindberg Þórarinnsson" <thorkell.lindberg@gmail.com>; "Gunnar H. Guðmundsson" <gunnar.h.gudmundsson@vegagerdin.is>; "Sædís Gunnarsdóttir" <saedis@minjastofnun.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "landvernd@landvernd.is" <landvernd@landvernd.is>; "land@land.is" <land@land.is>; "hne@hne.is" <hne@hne.is>; "Norðurþing" <nordurthing@nordurthing.is>; "Skútustaðahreppur" <skutustadahreppur@skutustadahreppur.is>; "esveit@esveit.is" <esveit@esveit.is>; "POSTUR@SVALBARDSSTROND.IS" <POSTUR@SVALBARDSSTROND.IS>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>
CC: "Helga Sveinbjörnsdóttir" <Helga@thingeyjarsveit.is>
Subject: RE: Skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar vegna Hólasandslínu 3
Date: 19.3.2020 15:18:39

Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 30. janúar 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna Hólasandslínu 3 eins og 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Tilfni breytingarinnar eru áform Landsnets að byggja 220 kV raflínu, Hólasandslínu 3, milli Akureyrar og Hólasands.

Ráðgert er að Hólasandslína 3 verði lögð innan sveitarinnar sem loftlína, að mestu samhliða núverandi Kröflulínu 1, sem er í megindráttum í samræmi við gildandi aðalskipulag Þingeyjarsveitar. Lega línunnar vikur hins vegar frá gildandi aðalskipulagi á þremur stöðum, í Bíldsárskarði, Fnjóskadal og Laxárdal. Í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd eru jafnframt tilgreind átján ný efnistökusvæði.

Tillagan að breytingu mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar, frá og með fimmtudeginum 19. mars 2020 með athugasemdarfresti til og með föstudeginum 1. maí 2020. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar:

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulagsauglysingar>
(<https://www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulagsauglysingar>).

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 1. maí 2020. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið:

gudjon@skutustadahreppur.is (mailto:gudjon@skutustadahreppur.is) . Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykkir.

Bestu kveðjur



Guðjón Vésteinsson

Skipulagsfulltrúi

Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 6664

gudjon@skutustadahreppur.is (mailto:gudjon@skutustadahreppur.is)

www.skutustadahreppur.is (<http://www.skutustadahreppur.is/>)



Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<http://www.skutustadahreppur.is/v/19465>)

Viðhengi

image004.png (5 KB)

image001.gif (2 KB)

image008.jpg (26 KB)

image002.png (6 KB)

image003.jpg (1 KB)

image006.png (4 KB)

image001.gif (2 KB)

Auglýsing.pdf (352 KB)

image001.png (27 KB)

image005.jpg (1 KB)